

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2009 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Verð samkvæmt gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

- | | |
|--|------------------------------|
| a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík | kr. 74,79 pr.m ³ |
| b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd | kr. 104,39 pr.m ³ |
| c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar | kr. 29,89 pr.m ³ |
| d) Mælagjald | kr. 25,34 pr. dag |
| e) Lokunargjald | kr. 4.863 |

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern mæli á Dalvík. Vegna herra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m³.

3. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 246.466
og á m ³ þar yfir	kr. 310
og á m fram yfir 50 m	kr. 5.394

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- | | |
|---|-------------|
| a) Mjólkurhús/fjós greiðir lánmarksgjald | kr. 246.466 |
| b) Fyrir hesthús að 700 m ³ skal greiða lánmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak. | |

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr., reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lánmarksheimæðagjaldi hitaveitunnar.

4. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. desember 2008, 478,8 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem van-skilunum veldur, hverju sinni kr. 4.860.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 2009 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 760, 14. júlí 2008.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 2008.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2008